

Mál nr. 451/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

- Málskot mótttekið 4. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 27. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi í júní 2024 farið með brúðarkjólinn sinn í hreinsun hjá X. Í kjólnum hafi verið svart hringabox sem ekki hafi verið tekið úr kjólnum áður en hann var hreinsaður og smitaðist svartur litur á kjólinn. Ekki hefur verið hægt að ná þeim lit úr kjólnum. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V var kröfu M hafnað með bréfi dags. 23. ágúst 2024 á grundvelli þess að tjónið falli ekki undir ábyrgðartryggingu X. M finnst ekki eðlilegt að X beri ekki ábyrgð. Þegar kemur að flík eins og brúðarkjól er gert ráð fyrir að hann sé skoðaður sérstaklega vel áður en hreinsun hefst. X beri ábyrgð á að skoða vandlega flík áður en hún er sett í hreinsunarvél líkt og þá sem kjóllinn var settur í. Kjóllinn hafi mikið tilfinningalegt gildi og því telur M tjón sitt mikið.

Í bréfi V til nefndarinnar bendir V á að tjónið falli ekki undir ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sem X var með í gildi á tjónsdegi með vísan til h-liðar og i-liðar 3. gr. skilmála ábyrgðartryggingarinnar þar sem finna má undanþágu frá bótaábyrgð sem tekur til muna sem váttryggður hefur í vörslum sínum annars vegar og hins vegar til muna sem váttryggður tekur að sér að hreinsa.

Álit.

Gildissvið ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur hjá V takmarkast við líkamstjón eða skemmdir á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í váttryggingarskírteini enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Gildissvið váttryggingarinnar takmarkast síðan með undanþáguákvæðum í 3. gr. Í h- og i-liðum þeirrar greinar er tilgreint að váttryggingin taki ekki til tiltekinna aðstæðna þar sem verða skemmdir á munum, m.a. þegar þeir eru í vörslum váttryggingartaka eða tjón verður á þeim við það þegar váttryggingartaki tekur að sér að gera við þá eða hreinsa þá. Fyrir liggur að X tók að sér, gegn gjaldi, að hreinsa brúðarkjól M. Er því hér um að ræða atvik sem fellur undir framangreindar undanþágur í skilmála váttryggingarinnar og er bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir